

2.fundur stjórnar FSÍ, haldinn þriðjudaginn 6.júní, kl.17:00 í fundarsölum ÍSÍ, Engjavegi 6.

Mættir: Þorgerður Laufey Diðriksdóttir formaður, Arnar Ólafsson varaformaður og Einar Ólafsson ritari. Auk þess sat fundinn eftirtalinn áheyrnarfulltrúar, Íris Svavarsdóttir formaður tækninefndar í hóp fimleikum, Hlíf Þorgeirsdóttir, formaður nefndar um fimleika fyrir alla, Halla Kari Hjaltsted formaður tækninefndar kvenna og Sigurður Hrafn Pétursson, formaður tækninefndar karla. Jafnframt sat fundinn Helgi Jóhannesson framkvæmdarstjóri FSÍ og Sólveig Jónsdóttir sviðsstjóri landsliðsmála.

Guðrún Harðardóttir meðstjórnandi, Jósep Húnfjörð, gjaldkeri og Guðmundur Þór Brynjólfsson, formaður fræðslunefndar boðuðu forföll. Jón Finnbogason, formaður laganeftendur, var boðaður en þáði ekki boðið að þessu sinni.

Dagskrá:

1) Skipun stjórnar afrekssjóð FSÍ

Samkvæmt reglugerð um afrekssjóð FSÍ, þá skipar stjórn FSÍ, stjórn afrekssjóð FSÍ. Á síðasta ári voru eftirfarandi einstaklingar skipaðir í stjórn afrekssjóðs FSÍ; Einar Ólafsson skipaður af stjórn FSÍ, Davíð Ingason, Jónas Tryggvason, Ásdís Pétursdóttir og Alda Sigurðardóttir, skipuð af markaðs- og fjáröflunarnefnd. Mælt er með að umboð þeirra verði endurnýjað.

Málið rætt

Samþykkt að endurnýja umboð fyrrum stjórnar afrekssjóðs FSÍ. Réttkjörin eru því til eins árs eins og samþykkt sjóðsins segir til um, Einar Ólafsson skipaður af stjórn FSÍ, Davíð Ingason, Jónas Tryggvason, Ásdís Pétursdóttir og Alda Sigurðardóttir.

2) Breyting á reglugerð um félagaskipti

Á síðasta fimleikabingi, sem haldið var 4.maí, voru lagðar fram tillögur að nýjum reglum um félagaskipti. Reglunum var vísað til stjórnar FSÍ, endanlegrar úrvinnslu og samþykktar, enda er það í verkahring stjórnar að setja reglugerðir/reglur um félagaskipti eins og fram kemur í 24 gr. laga FSÍ. Góðar ábendingar komu frá fimleikabingi sem stjórn fannst rétt og eðlilegt að taka mið af, s.s. ábendingar um að reglur FSÍ þyrftu að ná yfir erlenda fimleikamenn sem iðka og keppa í fimleikum hér á landi og að reglur FSÍ mættu ekki vera of íþyngjandi fyrir unga keppendur, jafnframt voru menn sammála um að tveir félagaskiptagluggar væru nauðsynlegir.

Stjórn FSÍ legur því til að 12 gr. reglugerðar FSÍ falli úr gildi og í stað þeirra greinar komi félagaskiptareglur sem taki mið að þeirri umræðu sem átti sér stað á þingi FSÍ og verði svohljóðandi:

Reglur FSÍ um félagaskipti

1. gr.

Gildissvið og markmið

Reglur þessar er ætlað að tryggja skýrar og afmarkaðar reglur um félagaskipti keppenda í fimleikum sem falla undir reglurnar. Reglurnar taka til fimleikafólks sem uppfyllir eftirtalin skilyrði:

- a) Eru keppendur í áhaldafimleikum karla og kvenna 12 ára og eldri m.v fæðingarár, sem keppt hafa á mótum FSÍ á Íslandi, á mótum UEG og/eða FIG erlendis
- b) Eru keppendur í hóp fimleikum, 12 ára og eldri m.v fæðingarár, sem keppt hafa á mótum FSÍ á Íslandi, á mótum UEG og/eða FIG erlendis.

2. gr.

Félagaskiptatímabil

Keppendum í fimleikum sem falla undir reglur þessar er heimilt að eiga félagaskipti á tímabilinu frá 1.- 15. janúar og 1. ágúst – 15. september, að báðum dögum meðtöldum. Á öðrum tímabilum eru félagaskipti ekki heimil.

Þrátt fyrir 1. mgr. eru félagaskipti heimil ef fimleikadeild félags er lögð niður í heild sinni, eða flokkur eða þrep, sem keppandi keppir í hefur ekki tekið þátt í tveimur mótum eða verið dregið til baka úr tveimur mótum á vegum FSÍ á því keppnistímabili.

Tilkynningar um félagaskipti, sem berast FSÍ utan félagaskiptatímabils skulu teljast afhentar á fyrsta degi næsta félagaskiptatímabils á eftir.

3. gr.

Tilkynningar um félagaskipti.

Tilkynningar um félagaskipti skal afhenda á skrifstofu FSÍ á þar til gerðu eyðublaði. FSÍ skal innheimta félagaskiptagjald, fimleikamaðurinn er ábyrgur fyrir greiðslu þess gjalds sem ákvarðar er af stjórn FSÍ. FSÍ staðfestir félagaskipti innan tveggja vikna frá móttöku tilkynningar. Til að félagaskiptin teljist lögleg þarf formaður aðalstjórnar eða fimleikadeildar þess félags er fimleikamaðurinn hverfur frá, að staðfesta með undirskrift sinni og stimpli félags að fimleikamaðurinn sé skuldlaus félaginu. Sé keppandi undir lögaldri þarf samþykki foreldris eða forráðamanns á tilkynningu um félagaskipti.

4. gr.

Gildistaka félagaskipta.

Félagaskipti skulu miðast við þann dag sem FSÍ sendir staðfestingu á félagaskiptum. Sé tilkynningin ekki útfyllt í samræmi við ofanskráð, tilkynnir FSÍ félaginu sem fimleikamaðurinn óskar eftir að ganga úr um félagaskiptin. Svari félagið ekki innan 30 daga, teljast félagaskiptin lögleg.

5. gr.

Birting

FSÍ er heimilt að senda staðfestingu um félagaskipti með tölvupósti. FSÍ staðfestir félagaskiptin með tölvupósti til fráfarandi félags, nýja félagsins og fimleikamannsins og frá hvaða tíma keppandi telst löglegur með nýja félaginu.

6. gr.

Ágreiningur

Komi upp ágreiningur um félagaskipti skal stjórn FSÍ úrskurða í málinu. Úrskurði þessum geta báðir aðilar áfrýjað til dómstóls ÍSÍ.

7. gr.

Gildistaka

Reglur þessar eru settar með stoð í 24. gr. laga um Fimleikasamband Íslands og öðlast gildi við birtingu á vef Fimleikasambandsins. Samhliða því fellur 12 gr reglugerðar FSÍ um félagaskipti úr gildi.

Málið rætt

Stjórn samþykkir reglur um félagaskipti en megin inntak reglnanna er:

“Fimleikamenn 12 ára og eldri m.v fæðingarár, sem keppt hafa á mótum FSÍ á Íslandi og/eða á mótum UEG og/eða FIG erlendis, skulu tilkynna félagaskipti á Íslandi, til skrifstofu FSÍ skriflega, á þar til gerðu eyðublaði og greiða félagaskiptagjald. Félagaskipti geta aðeins farið fram tvisvar á ári, frá 1.- 15. janúar og 1. ágúst – 15. september, að báðum dögum meðtöldum.

Til að félagaskiptin teljist lögleg þarf formaður aðalstjórnar eða fimleikadeildar þess félags er fimleikamaðurinn hverfur frá, að staðfesta með undirskrift sinni og stimpli félags að fimleikamaðurinn sé skuldlaus félaginu.

Sé tilkynningin ekki útfyllt í samræmi við ofanskráð, tilkynnir FSÍ félaginu sem fimleikamaðurinn óskar eftir að ganga úr um félagaskiptin með tölvupósti. Svari félagið ekki innan 30 daga frá dagsetningu tölvupóstsins, teljast félagaskiptin lögleg.

FSÍ staðfestir félagaskiptin á tölvupósti og frá hvaða tíma keppandi telst löglegur með nýja félaginu.“

Jafnframt samþykkti stjórn FSÍ að félagaskiptagjald skuli vera 2.500 kr

Framkvæmdarstjóra er falið að kynna samþykkt þessa og breytingu á félagaskiptagjaldi, jafnframt því að birta hana á heimasíðu sambandsins.

3) Bréf frá FIG varðandi boð á kynningarfund vegna Gymnaestrada 2015

Á dögnum barst FSÍ bréf frá FIG varðandi kynningarfund vegna Gymnaestrada sem haldin verður í Helsingi Finnlandi 12-18.júlí 2015. Kynningarfundur um Gymnaestrada verður haldinn 6-8.september 2013 í Helsinki, Finnlandi.

Nefnd um Fimleika fyrir alla (FFA) og framkvæmdastjóri FSÍ gera þá tillögu, að stjórnarmenn fari fyrir hönd FSÍ á kynningarfund vegna Gymnaestrada og leggja til að Þorgerður L. Diðriksdóttir formaður FSÍ verði fulltrúi FSÍ á þessum kynningarfundum.

Málið rætt

Tillaga FFA um fulltrúi FSÍ á kynningarfund um Gymnaestrada verði Þorgerður Laufey Diðriksdóttir samþykkt.

4) Tímasetningar á Fimleikabingi 2014

Á síðasta Fimleikabingi, haldið 4.maí 2013, kom fram tillaga að dagsetning á fimleikabingi verði sett í dagatal sambandsins ásamt öðrum þeim viðburðum sem mikilvægir eru.

Stjórn FSÍ leggur til að Fimleikabing 2014 verði haldið 30-31.maí 2014

Málið rætt

Tillaga um að næsta Fimleikabing 2014 verði haldið daganna 30-31 maí 2014 samþykkt. Framkvæmdarstjóra falið að kynna samþykkt þessa og birta á heimasíðu sambandsins.

5) Tímasetning á formannafundi í haust

Á síðasta Fimleikabingi, haldið 4.maí 2013, kom fram tillaga að dagsetning á formannafundi verði sett í dagatal sambandsins ásamt öðrum þeim viðburðum sem mikilvægir eru.

Stjórn FSÍ leggur til að formannafundur haustið 2013 verði haldinn 13.september.

Málið rætt

Tillaga um að formanna fundur verði haldinn 13.september nk. samþykkt. Framkvæmdarstjóra falið að kynna samþykkt þessa og birta á heimasíðu sambandsins.

6) Bréf frá UEG varðandi boð á kynningarfund vegna Golden Age 2014

Á dögnum barst FSÍ bréf frá UEG varðandi kynningarfund vegna Golden Age sem haldin verður í Toulouse, Frakklandi 28.september til 3.október 2014. Kynningarfundur um Golden Age verður haldinn 20-22.september 2013 í Toulouse, Frakklandi.

Nefnd um Fimleika fyrir alla (FFA) og framkvæmdastjóri FSÍ gera þá tillögu, að stjórnarmenn fari fyrir hönd FSÍ á kynningarfund vegna Golden Age og leggja til að Einar Ólafsson verði fulltrúi FSÍ á þessum kynningarfundum.

Málið rætt

Tillaga FFA um fulltrúi FSÍ á kynningarfund um Golden Age verði Einar Ólafsson samþykkt.

7) Erindi frá FFA varðandi greinar sem falla ekki undir UEG eða FIG

Stjórn FSÍ hefur borist eftirfarandi erindi frá FFA.

Á fundi sínum 29.maí 2013 samþykkti stjórn FFA eftirfarandi tillögu til stjórnar FSÍ,

"Stjórn Fimleikasambands Íslands samþykkir að heimila FFA að taka nýjar greinar í FFA og verða þannig hluti af sýningarfimleikum innan FFA. Skilyrði fyrir inntöku nýrrar greinar eru, að þjálfarar/kennarar hafi öðlast þjálfararéttindi FSÍ, að iðkendur séu skráðir í aðildarfélag FSÍ og að iðkendur keppi ekki á mótum erlendis undir nafni sambandsins sem ekki eru samþykkt af FSÍ, UEG eða FIG."

Málið rætt

Tillaga FFA samþykkt með vísan í samþykkt fimleikaþings haldið 4 maí sl. Ljóst er að fimleikar eru grein sem hefur margar birtingarmyndir, tíðarandi og tíska hefur mikil áhrif á það hvaða greinar almenningur kys að stunda. Fimleikasamband Íslands hefur það að markmiði að menntun, aðstaða og umgjörð sem við getum boðið upp á sé fyrsta flokks. Með þátttöku í alþjóðasamtökum fimleikahreyfingarinnar, eins og UEG og FIG, gefst iðkendum fimleikasambandsins tækifæri til að taka þátt í fjölbreyttum verkefnum sem höfða til margra sem vilja stunda heilbrigða hreyfingu. Fimleikar fyrir alla FFA, TC-GfA, gefur tækifæri til að taka þátt í mismunandi verkefnum sem höfða til margra, s.s .fimleikalíf, Gym for live, Gymnaestrada, Golden Age og Eurogym. Stjórn FSÍ telur því að með samþykkt frá síðasta fimleikaþingi að óhefðbundnar greinar eins og „götufimleikar eða Parkour“ verði hluti af sýningarfimleikum innan FFA. Geti aðildarfélög FSÍ komið til móts við þann fjölbreytta hóp sem vill stunda fimleika undir stjórn menntaðra þjálfara/kennara , inni í fimleikasölum og/eða undir félagsmerkjum fimleikafélaga og deilda um allt land. Tillaga þessi var samþykkt einróma og hljóðar svo „Þing Fimleikasamband Íslands, haldið 4. maí 2013 í Reykjavík, samþykkir að Parkour verði hluti af sýningarfimleikum innan FFA. Þingið leggur ríka áherslu á að þjálfarar sem taka að sér þjálfun /kennslu hafi öðlast þjálfararéttindi FSÍ."

Með samþykkt þessari má álykta sem svo að fleiri greinar geti fylgt í kjölfarið ef þær uppfylla sömu skilyrði: að iðkendur séu skráðir í aðildarfélag FSÍ, að þjálfarar/kennara hafi öðlast þjálfararéttindi FSÍ og að iðkendur keppi ekki á mótum erlendis undir nafni sambandsins sem ekki eru samþykkt af FSÍ, UEG eða FIG.

Stjórn FSÍ þakkar þann frábæra árangur sem náðist á Smáþjóðaleikunum, fimleikamenn stóðu sig mjög vel, unnu til 5 gullverðlauna og 8 bronsverðlauna og voru okkur til mikils sóma. FSÍ þakkar einnig öðrum sem komu að þessu verkefni fyrir sína þátttöku, þjálfurum, dómurum og fararstjórum.

Fundi slitið kl. 18:05